

AKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 160/2018

2021/EES/13/38

frá 6. júlí 2018

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2076 frá 7. nóvember 2017 um breytingu á ákvörðun 2009/607/EB að því er varðar gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir harðar klæðningar ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 2k (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/607/EB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32017 D 2076:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2076 frá 7. nóvember 2017 (Stjútíð. ESB L 295, 14.11.2017, bls. 74).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar (ESB) 2017/2076, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júlí 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 295, 14.11.2017, bls. 74.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.